



Minnisblað

Tilv.: 3.531.317

20.8.2015

HB Grandi hf
bt. Gunnar Svavarsson
Bárugötu 8-10
300 Akranesi

Efni: **Endurnýjun kælivifta á Akranesi – frekari hljóðdeyfiaðgerðir.**

Við vettvangsskoðun með fulltrúum bæjarins, komu fram hugmyndir um frekari hljóðdeyfiaðgerðir til viðbótar því sem sýnt er á teikningum.

Reiknað hljóðstig frá viftunum utan við næstu íbúðarhús er um 25 dB þar sem það er mest m.v. fyrirbyggjandi tillögu um hljóðvarnarveggi og 2 kæliviftur. Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 er þess krafist að hávaði frá atvinnustarfsemi utan við vegg íbúðarhúss sé ekki meiri en 40 dB að næturlagi.

Hér er stutt umfjöllun um 3 hugmyndir að hljóðdeyfiaðgerðum við mannvirkið.

- Fyrsta tillagan er að setja upp 50-75 mm steinullarplötur (80-100 kg/m³) á allan húsgaflinn sem er innan forsteyptu veggjanna. Yfir plöturnar yrðu settar gataplötur (25-30% opnun á l eða stál) til lokunar og verndar á ullinni fyrir veðrun.

Áhrif af þessari aðgerð yrðu þær að hljóðstig við næstu íbúðarhús yrði 1-2 dB lægra en m.v. núverandi tillögu.

- Önnur tillaga er að gera sömu aðgerðir innan á forsteyptu veggina.

Áhrif af þessari aðgerð yrðu væntanlega lítil. Hljóðstig við næstu íbúðarhús yrði 0-1 dB lægra en m.v. núverandi tillögu.


- Þriðja tillaga er að byggja hallandi þakskyggni (breidd ca. 0,6 m) ofan á forsteyptu veggina, sem lokar hljóðið betur af.

Áhrif af þessari aðgerð yrðu þær að hljóðstig við næstu íbúðarhús yrði 1-2 dB lægra en m.v. núverandi tillögu.

Verði fyrir valinu að framkvæma bæði fyrstu og aðra tillögu má búast við sambærilegri niðurstöðu og af fyrstu tillögu eingöngu.

Sé valið að framkvæma bæði fyrstu og þriðju tillögu má búast við að hljóðstig við næstu íbúðarhús yrði um 3 dB lægra en m.v. núverandi tillögu.

Virðingarfyllst,


Gunnar Birnir Jónsson
Verkfræðingur